



Reglur um húsnæðismál í Sveitarfélaginu Skagafirði

Almennt um húsnæðismál.

1. Stefnt skal að því að tryggja framboð af félagslegu leiguhúsnæði fyrir þær fjölskyldur og einstaklinga sem af félagslegum ástæðum eru ekki megnugir að sjá sér fyrir húsnæði á almennum markaði. Félags- og tómsbundanefnd fer með stefnumörkun í málaflokknum og önnur verkefni húsnæðisnefndar skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og verkefni félagsmálanefndar í húsnæðismálum eins og þau eru skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
2. Eignarsjóður Sveitarfélagsins Skagafjarðar annast rekstur og viðhald félagslegra leiguíbúða og einnig gerð leigusamninga, en innheimta leigu félagslegra leiguíbúða í eigu sveitarfélagsins er á hendi innheimtufulltrúa.
3. Félagsþjónustan leitast við að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru færir um það sjálfir úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn. Skal það jöfnum höndum gert með ráðgjöf og upplýsingum ásamt öðrum stuðningsúrræðum, t.d. fjárhagsaðstoð skv. reglum Sveitarfélagsins Skagafjarðar, þegar við á. Félagsþjónustan (móttökuritari og félagsráðgjafi) tekur á móti umsóknum um leiguíbúðir sveitarfélagsins, aflar upplýsinga um aðstæður umsækjenda, reiknar út stigafjölda viðkomandi umsækjanda, heldur saman biðlista eftir íbúðum og gerir tillögur um úthlutun á grundvelli forgangs röðunar. Umsókn skal endurnýja á 6 mánaða fresti, ella fellur hún úr gildi.
4. Leiga fyrir íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins er 1.450 kr./m² miðað við 1. janúar 2019 að hámarki 175.280 kr. Leiguverð og hámarksfjárhæð tekur verðlagsbreytingum á tólf mánaða fresti samkvæmt vísitölu neysliverðs til verðtryggingar fyrst 1. janúar 2020. Sveitarstjóra er heimilt að lækka leiguverð fasteignar með tilliti til ástands hennar að undangenginni úttekt og umsögn eignasjóðs.¹

Um úthlutun félagslegra leiguíbúða

5. Til að uppfylla ákvæði 1. gr. og til að vera metinn í þörf fyrir félagslega leigu sbr. 4. gr. þarf að liggja fyrir mat á því að umsækjandi hafi ekki getu til að kaupa eða leigja á almennum markaði. Hann þarf að vera orðinn 20 ára að aldri, eiga við félagslega erfiðleika að stríða t.d. vegna skertrar vinnugetu, heilsubreysts, atvinnumissis, fjölskylduáðstæðna, barnafjölda eða annarra sérstakra aðstæðna, uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk skv. gildandi

¹ Breyting gerð á 4. lið af sveitarstjórn þann 16. desember 2020

matsblaði/stigagjöf, sbr. 6. gr. og hafa átt lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði s.l. 24 mánuði.

Félags- og tómsbundanefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði um aldursmörk, tekjumörk og um búsetutíma í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, t.d. vegna áfalla, skyndilega breyttra aðstæðna eða sérstakra tengsla við ættingja eða aðra stuðningsaðila.

6. Félags- og tómsbundanefnd samþykkir umsóknareyðublað og matsblað með stigagjöf og leiðbeiningum sem lagt er til grundvallar forgangsröðun um úthlutun íbúða. Fær hver umsækjandi stig samkvæmt matsblaðinu og skal stigafjöldi vera ráðandi um forgangsröðun. Umsækjanda skal kynnt stigagjöfin og getur hann áfrýjað niðurstöðu starfsmanna til félags- og tómsbundanefndar telji hann á sig hallað.
7. Fjölskyldustærð hefur áhrif á herbergjafjölda úthlutaðra íbúða skv eftirfarandi:
 - Einstaklingur/ barnlaust par getur að hámarki fengið 2 herbergja íbúð
 - 2 manna fjölskylda - “ - - “ - 3 - “ - - “ -
 - 3 manna fjölskylda - “ - - “ - 4 - “ - - “ -
 - 4 manna fjölskylda - “ - - “ - 5 - “ - - “ -
 - Reikna má með börnum sem viðkomandi foreldri hefur fasta umgengni við inn í fjölskyldustærð.
8. Óski leigjandi eftir flutningi úr einni félagslegri leiguíbúð í aðra leggur hann fram skriflega umsókn til félagsþjónustunnar sem kannar hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um áframhaldandi leigu og íbúðarstærð. Sé umsækjandi í vanskilum með húsaleigu, húsgjöld eða við Skagafjarðarveitur ehf. kemur flutningur ekki til greina nema í ódýrari íbúð. Umsóknir um milliflutning raðast í forgangsröð miðað við fjölskyldustærð, heilsufar, sértakar aðstæður og þarfir barna ásamt aldri umsóknar.
9. Áður en til úthlutunar kemur skal umsækjanda boðin félagsleg ráðgjöf og kannað hvort hann sé í þörf fyrir frekari félagslega þjónustu og gerð áætlun um úrbætur sé hennar þörf.
10. Þótt leigjandi uppfylli ekki öll skilyrði félagslegrar leigu, sbr. 4. – 6. gr. við endurmat getur félagsþjónustan samt boðið honum áframhaldandi leigu með hliðsjón af aðstæðum að öðru leiti enda greiði hann þá fullt verð/m², sbr. 4. gr. Sama á við um nýja umsókn ef ekki er brýn þörf fyrir íbúð til félagslegrar leigu. Þeir sem eru metnir í þörf fyrir félagslega leigu hafa forgang.

Gerð leigusamninga, réttindi og skyldur leigutaka og leigusala

11. Eignasjóður gerir leigusamning við leigutaka á þar til gerð eyðublað sbr. 4. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994. Til viðbótar almennum ákvæðum þeirra laga, sbr. 8. gr., skal tilgreina að framhald leigu sé háð félagslegri stöðu leigutaka og hugsanlegri breytingu þar á. Leigusamningur er í upphafi gerður til 6 mánaða og staðan þá yfirfarin af leigutaka og félagsráðgjafa. Í samræmi við áætlun er síðan gerður leigusamningur til eins árs í senn. Ef fyrrsjáanlegt er að aðstæður breytist ekki, t.d. hjá elli- eða örorku lífeyrisþegum, er unnt að gera leigusamning til allt að þriggja ára í senn, enda mæli félagsþjónustan með því.

2

12. Óski leigutaki eftir áframhaldandi leigu skal hann skila inn umsókn ásamt fylgigögnum eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir lok leigutímans, að öðrum kosti skal hann rýma hið leigða á umsömdum tíma án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar.
13. Íbúðir eru leigðar leigutökum eingöngu til eigin búsetu þeirra sjálfra ásamt maka og börnum til tímabundinnar leigu vegna félagslegra erfiðleika þeirra og njóta þeir ekki forleiguréttar. Áframhaldandi leiguafnot eru háð mati á aðstæðum hverju sinni áður en til endurnýjunar kemur. Eftirtalin skilyrði geta valdið því að ekki komi til áframhaldandi leigu:
 - a) Leigutaki uppyllir ekki lengur skilyrði skv. 1. og 4.- 6. gr.
 - b) Vanskil leigu og húsgjalda.
 - c) Ítrekuð brot á húsreglum.
 - d) Húsnæðið notað á annan hátt en húsaleigusamningur eða þessar reglur segja til um.
 - e) Húsnæðið spillist í umsjá leigutaka vegna slakrar umgengni eða hirðuleysis.
14. Áður en afhending fer fram lætur eignasjóður gera úttekt á ástandi íbúðar. Hið sama á við framlengingu leigusamnings og við flutning úr húsnæðinu. Verði ágreiningur um framkvæmd leigusamnings geta aðilar snúið sér til kæruneftndar húsaleigumála sbr. 85. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.
15. Dýrahald er bannað í íbúðum sveitarfélagsins frá 1.6.2016. Þeir sem voru með skráð og samþykkt dýr fá að halda þeim en verði óheimilt að taka ný dýr inn á heimilið. Sjá Reglur um dýrahald í leighúsnæði í eigu sveitarfélagsins (1.6.2016)

(Ákvæði um húsaleigubætur feld út vegna lagabreytinga 1. janúar 2017)

Um málsmeðferð

16. Málsmeðferð er samkvæmt ákvæðum XVI og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 138/1997 með síðari breytingum
17. Afgreiða skal umsókn eins fljótt og unnt er eftir að hún berst og skal niðurstaða kynnt umsækjanda og niðurstaðan kynnt skriflega.
18. Ákvörðun um úthlutun félagslegs leighúsnæðis á grundvelli matsblaðs, áframhaldandi leigu á félagslegum grundvelli sbr. 4. gr., um húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur tekur trúnaðarmálafundur félagsþjónustunnar í umboði félags- og tómsbundanefndar. Félagsmálastjóri tilkynnir starfsmanni eignasjóðs um úthlutun leiguíbúðar, milliflutning eða framlengingu og getur hvor um sig vísað ákvörðun til félags- og tómsbundanefndar komi upp ágreiningur.
19. Umsækjanda sem er synjað um almennar eða sérstakar húsaleigubætur skal svarað skriflega. Óski hann rökstuðnings skal hann veittur skriflega. Jafnframt skal umsækjendum bent á málskotsrétt sinn til félags- og tómsbundanefndar. Umsækjandi sem telur á sig hallað varðandi mat á húsnæðisþörf getur vísað máli sínu til félags- og tómsbundanefndar. Umsækjandi sem vill vísa ákvörðun starfsmanna til félags- og tómsbundanefndar skal gera það skriflega innan þriggja mánaða frá því frá því viðkomanda barst vitneskja um ákvörðun..

20. Ákvörðun félags- og tómstundanevndar skal tilkynnt skriflega. Umsækjandi sem telur á sig hallað getur óskað skriflegs rökstuðnings. Niðurstöðu félags- og tómstundanevndar má skjóta til úrskurðanevndar félagsþjónustu og húsnæðismála hjá Velferðarráðuneytinu. Skal það gert skriflega innan þriggja mánaða frá því að viðkomanda barst vitneskja um ákvörðun.
21. Ef rangar eða villandi upplýsingar leiða til þess að umsækjandi fái greiddar hærri bætur eða styrk en honum ber samkvæmt reglum þessum, skal umsækjandi endurgreiða þá fjárhæð um leið og krafist er.

Sauðárkróki 16. desember 2020


Sveitarstjóri
 Skagafjörður
Sveitarstjóri